

Skólaráð

Fundur 03. júní 2013

Mætt: Linda Traustadóttir, Elínborg Eggertsdóttir, Eyjólfur Sturlaugsson, Málfríður Mjöll Finnsdóttir og Benedikt Finnsson.

1. Yfirlit yfir mannabreytingar 2013 - 2014

Skólastjóri fór yfir áætlaðar mannabreytingar allra deilda skóla fyrir skólaárið 2013 – 2014. Umræður um fyrirhugaða sameiningu mötuneyta Silfurtúns og Auðarskóla síðastliðið haust.

2. Fyrirhugaðar breytingar og umbótaverkefni fyrir næsta skólaár.

Skólastjóri fór yfir eftirfarandi:

Auðarskóli heild

- Efla á þekkingu allra starfsmanna á sex grunnpáttum menntunar.
- Ákveða og útfæra á lykilhæfni skólans.
- Skrifna á nýja sameiginlega starfsáætlun á grunni nýrrar aðalnámskrár.

Grunnskóladeild

- Forma, festa og ramma á inn leiðsagnarmat skólans með birtingu þess í skólanámskrá.
- Endurskoða á þau atriði sem falla undir reglgerð grunnskólalaga um skólabrag.
- Vinna á að auknu upplýsingaflæði samkvæmt umbótaáætlun í kjölfar innra mats frá janúar 2013.
- Breyta á gerð umsjónarhópa þannig að þeir byggist ekki eingöngu á aldri.
- Taka á upp norska verkefnið „Trivselsprogrammet“; *Vinaliðar* á íslensku, í frímínútum skólans.

Leikskóladeild

- Vinna á að auknu upplýsingaflæði samkvæmt umbótaáætlun í kjölfar innra mats frá janúar 2013.
- Hefja á haustið 2013 endurskoðun almenns hluta leikskólanámskrár í samræmi við nýja aðalnámskrá.
- Þróa á notkunarmöguleika á nýju rými leikskólans (viðbyggingu) þegar það verður tilbúið.

Tónlistardeild

- Vinna á að auknu upplýsingaflæði milli starfsmanna og foreldra.
- Endurskoða á mat á frammistöðu nemenda í tónlistarnámi.

Í kjölfarið var farið yfir uppbyggingu umsjónarhópa skólaárið 2013-2014 að beiðni fulltrúa nemenda.

3. Önnur mál

Rætt um Vorhátíð og hversu fáir foreldrar komu í ár.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Málfríður Mjöll Finnsdóttir